



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FUNDUR FORSETA OG BAN KI-MOON FÆÐUÖRYGGI FÁTÆKRA ÞJÓÐA REYNSLA ÍSLENDINGA AF ÞURRKUN MATVÆLA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti síðdegis í gær, 20. september, fund með Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, í höfuðstöðvum samtakanna í New York. Á fundinum kom fram eindreginn stuðningur Ban Ki-moon við alþjóðlegt samstarfsverkefni um þurrkun matvæla sem byggt yrði á reynslu Íslendinga af þurrkun sjávarafurða. Fyrr um daginn átti forseti fund um þetta verkefni með nokkrum æðstu yfirmönnum Sameinuðu þjóðanna.

Samtvinnun hreinnar orku og eflingar fæðuöryggis í veröldinni er eitt af meginviðfangsefnum Sameinuðu þjóðanna á nýrri öld. Íslendingar hafa í áratugi þurrkað þorskhausu, beinagarða og annað sjávarfang, sem áður var hent, og flutt út til Afríku þar sem þær afurðir nýtast almenningi. Að undanfögnu hefur fyrirtækið Haustak á Reykjanesi einnig þurrkað kjöt, ávexti og grænmeti í tilraunaskyni og sýnir sú reynsla að þurrkunaraðferðum Íslendinga má beita á margvíslegar afurðir.

Í heimsókn Ban Ki-moon til Íslands kynnti forseti framkvæmdastjóranum hugmyndir um alþjóðlegt samvinnuáttak á þessu sviði og voru fundirnir í New York framhald af þeim viðræðum.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna lýsti einnig miklum áhuga á auknu samstarfi á Norðurslóðum og kynnti forseti honum alþjóðlegt þing, Hringborð Norðurslóða – Arctic Circle, sem haldið verður á Íslandi 12.-14. október, en þar verða þátttakendur frá ríkjum Norðurslóða, Asíu og Evrópu.

Framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna gerði einnig grein fyrir stöðu mála í Sírylandi og tilraunum sínum og Sameinuðu þjóðanna til að treysta þá samninga sem unnið hefur verið að undanfarið.

Fundinn með framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sátu einnig Gréta Gunnarsdóttir, sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, Jón Erling Jónasson varafastafulltrúi og Örnólfur Thorsson forsetaritari.

Fundinn um fæðuöryggi og þurrkun matvæla sátu Robert Orr, aðstoðarframkvæmdastjóri á sviði stefnumótunar, Kandeh Yumkella, sérstakur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í málefnum hreinnar orku, Sigrid Kaag, aðstoðarframkvæmdastjóri Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNDP, David Nabarro, sérlegur fulltrúi framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á sviði fæðuöryggis, og Anthea Webb, stjórnandi á sviði fæðu- og næringarmála.

Mynd frá fundi forseta með framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna má nálgast á heimasíðu embættisins.

21. september 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).